



18. september 2018

Inngangsorð seðlabankastjóra á opnum fundi efnahags- og viðskiptanefndar um störf peningastefnunefndar

Nú eru um sjö mánuðir síðan fulltrúar peningastefnunefndar komu síðast á fund efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahagsframvindan hefur í stórum dráttum verið í samræmi við það sem búist var við þegar við vorum hér í febrúar sl. Spennan í þjóðarbúskapnum hefur haldið áfram að slakna en er þó enn umtalsverð. Samkvæmt spá Seðlabankans frá í ágúst verður hagvöxtur á þessu ári lítillega meiri en spáð var í febrúar en minni á næsta ári. Ekki munar þó miklu. Spá um framleiðsluspennu á næsta ári er því svipuð og búist var við í febrúar og spennan hverfur ekki fyrr en á árinu 2020. Eins og alltaf eru þessar horfur óvissar og óvænt áföll eða búhnykkir geta breytt myndinni.

Gengi krónunnar er nú um 3,7% lægra en það var á fundi okkar í febrúar og gengisflökt hefur aukist síðustu vikur, a.m.k. að hluta til vegna óvissu um framvindu í ferðaþjónustu. Verðbólga hefur hins vegar haldist mjög nálægt markmiði en vísbendingar eru um að langtímaverðbólguvæntingar hafi farið eitthvað yfir markmið.

Vöxtum Seðlabankans hefur ekki verið breytt á þessu ári. Aðhaldsstig peningastefnunnar hefur hins vegar slaknað. Það er mælt með raunvöxtum bankans og er þá annars vegar miðað við meginvexti bankans og hins vegar við meðaltal mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar. Í upphafi ársins voru þessir raunvextir 1,7% en eru nú í kringum 1,3%. Hvað önnur stjórnþæki varðar var gerð breyting á bindiskyldu 4. júní sl. og einu sinni var gripið inn í gjaldeyrismarkaðinn eða 11. september sl. Breytingin á bindiskyldu hafði það að markmiði að draga úr kostnaði Seðlabankans við framkvæmd peningastefnunnar án þess að raska aðhaldsstigi hennar. Það virðist hafa tekist. Inngripin fólust í sölu á gjaldeyri fyrir 9 m evra (rúmur einn milljarður króna) í því skyni að stöðva og vinda ofan af spíral sem hafði myndast á markaðnum. Sú aðgerð tókst.

Í yfirlýsingu sinni í ágúst ítrekaði peningastefnunefnd að hún hefur bæði vilja og þau tæki sem þarf til að halda verðbólgu við markmið til lengri tíma litið. Haldi verðbólguvæntingar áfram að hækka og festist í sessi

umfram markmið mun það kalla á harðara taumhald peningastefnunnar. Aðrar ákvarðanir, einkum á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum, hafa þá áhrif á hversu mikill fórnarkostnaðurinn verður í lægra atvinnustigi.

Í yfirlýsingunni var áréttað að peningastefnan muni á næstunni ráðast af samspili minni spennu í þjóðarbúskapnum, launaákvarðana og þróunar verðbólgu og verðbólguvæntinga.